

Reykjavík 20.09.2013

### Innköllum

Katla matvælaiðja ehf., hefur, í samráði við Bónus og matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað eina ákveðna framleiðslulotu af Bónus karrí.

Ástæðan er sú að við innra eftirlit kom fram vísbending um salmonellamengun í vörunni sem merkt er: „b.f. 13.08.2014.“ Salmonella fjölgar sér ekki í þurru umhverfi, þ.e. í kryddinu sjálfu. Salmonella drepst við hitun yfir 75°C. Salmonella fjölgar sér ekki í kæli undir 5°C.

Í varúðarskyni er öll lotan innkölluð. Innköllunin varðar eingöngu þessa einu framleiðslulotu og hefur varan þegar verið tekin úr sölu í verslunum.

#### Upplýsingar um vöruna:

Bónus karrí

Strikamerki 5690350051927

Þyngd 120 g

Best fyrir dagsetning 13.08.2014

Viðskiptavinir Bónus sem keypt hafa vöruna með „b.f. 13.08.2014“ er bent á að skila henni til framleiðandans og verður viðskiptavinum bætt óþægindin við skil.

Katla matvælaiðja ehf.,

Kletthálsi 3,

110 Reykjavík.

Katla matvælaiðja ehf., biður viðskiptavini sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilega afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir

Tryggvi Magnússon framkvæmdastjóri. Kötlumatvælaiðju ehf., í síma 5674422 eða á netfang [magnusson@katla.is](mailto:magnusson@katla.is).

